

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2019, þriðjudaginn 21. maí kl. 10:10 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1021. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Jón Hafberg Björnsson, Óskar Torfi Þorvaldsson, Erna Hrönn Geirsdóttir, Olga Hrund Sverrisdóttir og Edda Þórsdóttir.

Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

- Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr. BN055689
520613-1450 Joe Ísland ehf., Laugavegi 10, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki I, teg. c fyrir 50 gesti í rými 0102 í mhl. 07, T1 á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
- Austurbakki 2** (01.119.801) 209357 Mál nr. BN056181
471008-0280 Landsbankinn hf., Austurstræti 11, 155 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN055542 þannig að neðri kjallari er stækkaður, tæknirými færð í neðri kjallara, innra skipulagi breytt í efri kjallara og á 1. og 2. hæð, útitröppur lagaðar að nýjum byggingareit og brú milli svæða 2 og 3 fjarlægð á 2. hæð Landsbankans á lóð nr. 2 við Austurbakka.
Erindi fylgir brunahönnun frá EFLU dags. 7. maí 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
- Austurberg 2-6** (04.677.401) 112264 Mál nr. BN055986
511115-1400 Austurberg 2-6, húsfélag, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir framlengingu á þaki sem og að setja upp svalaskýli á svölum á 16 af 18 íbúðum húss á lóð nr. 2, 4 og 6 við Austurberg.
Erindi fylgja fundargerðir húsfunda dags. 9. janúar, 23. apríl og 7. júní 2018.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. maí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2019.
Gjald: 11.200 kr.
Frestað.
Vísað til athugasemda og með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2019.

4. **Austurstræti 3** (01.140.213) 100834 Mál nr. BN056178
521288-1409 Fitjaborg ehf, Háholti 8, 210 Garðabær
Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í flokki III, teg. skemmtistaður á 2. og 3. hæð húss á lóð nr. 3 við Austurstræti.
Erindi fylgir minnisblað um brunavarnir frá EFLU dags. 15. mars 2019.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. maí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
5. **Austurv Thorvaldsenss** (01.140.418) 100859 Mál nr. BN055922
610593-2919 Lindarvatn ehf., Reykjavíkurlflugvelli, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053964 þannig að inngangar eru færðir, gluggum og hurðum jarðhæðar að Fógetagarði og Kirkjustræti er breytt, burðarvirki og innra skipulagi í kjallara og á 1. hæð er breytt, innréttað "spa" í kjallara, kjallari undir Thorvaldsenstræti 2 er steypur upp og klæddur steinskífum, gerð ný flóttaleið frá 7. hæð inn í stigahús á 4. hæð og gluggum að Vallarstræti er breytt í hóteli á lóð nr. 2 við Thorvaldsensstræti.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 23. apríl 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda og erindi vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
6. **Árskógar 5-7** (04.912.001) 224213 Mál nr. BN055469
561184-0709 Búseti húsnæðissamvinnufélag, Síðumúla 10, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja tvö steinsteypt fjögurra hæða fjölbýlishús, með samtals 72 íbúðum, auk sameiginlegs bílakjallara fyrir 34 stæði og 38 stæðum á lóðinni, samtals eru 72 bílastæði á lóð nr. 5-7 við Árskóga.
Stærðir:
A-rými : 5.945,2 ferm., 18.297,7 rúmm.
B-rými : 2.044,9 ferm., 2.730,9 rúmm.
Með erindinu fylgir; Greinagerð I vegna hljóðvistar frá Trivium ráðgjöf, dags. nóvember 2018 og varmataps útreikningar dags. 9. nóvember 2018.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.
Sérstakt samráð skal haft við yfirverkræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
7. **Baldursgata 3** (01.185.206) 102160 Mál nr. BN056201

Victor Pétur Ólafsson, Baldursgata 3, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að hækka mhl. 01 og mhl. 02 um eina hæð á lóð nr. 3 við Baldursgötu. Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar dags. 11. febrúar 2019, samþykki meðlóðarhafa og lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

8. **Baldursgata 13** (01.184.511) 102116 Mál nr. BN055866
680269-5649 Haagensen ehf., Njálsgötu 13b, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að lækka gólf um 50 cm og breyta innra skipulagi ósamþykkrar íbúðar í kjallara í húsi nr. 13 á lóð við Baldursgötu 13 og Óðinsgötu 25.
Stækkun: 0.0 ferm., 28.3 rúmm.
Erindi fylgir samþykki meðeigenda í húsi nr. 13 við Baldursgötu og Óðinsgötu 25, umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 19. mars 2019 og tölvupóstur frá eiganda dags. 08. apríl 2019.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Askilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
9. **Bergstaðastræti 4** (01.171.307) 101407 Mál nr. BN056227
500516-0540 Mat Bar ehf., Ármúla 24, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta loftræsi- og útsogskerfi í veitingastaðnum í flokki II tegund C í húsinu á lóð nr. 4 við Bergstaðastræti.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
10. **Birkimelur 3** (01.550.102) 106506 Mál nr. BN056221
530208-1410 Blómatorgið ehf., Hringbraut 33, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048489 þannig að fyrirkomulag á lóð er fært til samræmis við breytt deiliskipulag á lóð nr. 3 við Birkimel.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
11. **Brautarholt 2** (01.241.201) 103019 Mál nr. BN056123
Ingunn Helga Hafstað, Blönduhlíð 7, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN051678 þannig að gerðar eru nýjar dyr út í bakgarð og nýir gluggar á framhlíð, gert er gat í vesturvegg anddyris og innréttuð setustofa gesta, geymslur á 1. hæð eru fjarlægðar og komið fyrir geymsluskápum í íbúðum og innréttuð starfsmannaáðstaða í ónýttu rými í vesturhluta 1. hæðar og afmörkuð séreign 0102 í austurhluta 1. hæðar gististaðar í flokki II á lóð nr. 2 við Brautarholt.
Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 17. apríl 2019 og samþykki meðlóðarhafa dags. 14. maí 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
12. **Brautarholt 26-28** (01.250.103) 103423 Mál nr. BN056191
561208-0690 Karl Mikli ehf., Kirkjustétt 28, 113 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að skipta verslunarrými á 1. hæð í tvennt og breyta gluggum og hurðum á 1. hæð húss á lóð nr. 26-28 við Brautarholt.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

13. **Breiðagerði 20** (01.817.201) 108130 Mál nr. BN056232

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að staðsetja þrjár færanlega kennslustofu K19-B, K81-B og K82-B auk tengigangs T58-E við núverandi færanlegra stofu við Breiðagerðisskóla á lóð nr. 20 við Breiðagerði.

Stærð kennslustofa og tengigangs er: 199,8 ferm., 671,3 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

14. **Briertartún 7** (01.220.006) 102782 Mál nr. BN056078

690981-0259 Ríkiseignir, Borgartúni 7a, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til breytinga á innra skipulagi á 2. og 3. hæð skrifstofuhúsnæðis í húsi nr. 7 við Briertartún.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

15. **Bæjarflöt 17** (02.576.202) 179497 Mál nr. BN056222

560588-1009 Kór ehf., Auðnukór 6, 203 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048963 með því að byggja flóttastiga á vesturhlíð, uppfæra brunamerkingar og breyta innra skipulagi á 2. hæð í húsi Bæjarflöt 17/Gylfaglöt 11 á lóð nr. 17 við Bæjarflöt.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

16. **C-Tröð 1** (04.765.401) 112483 Mál nr. BN055076

591112-0820 Heimahagi Hrossarækt ehf., Hafnarstræti 97, 600 Akureyri

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við hesthús á steiptum undirstöðum og timburvirki að ofan auk þess að rífa hluta af austurhluta núverandi byggingar á lóð nr. 1 við C-Tröð í Víðidal.

Stækkun: 274,7 ferm., 2.240,3 rúmm.

Gjald kr. 11.000 + 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

17. **Hjarðarhagi 2-6** (01.552.401) 106511 Mál nr. BN055367

600169-2039 Háskóli Íslands, Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík

530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á innra skipulagi ásamt fyrirhuguðum breytingum á brunavörnum í Dunhaga 3 á lóð nr. 2-6 við Hjarðarhaga.
Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrðaraðilar. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

18. **Efstaleiti 11** (01.745.301) 224637 Mál nr. BN055827

681015-5150 Skuggi 4 ehf., Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053226 þannig að 16 tveggja herbergja íbúðum er breytt í þriggja herbergja íbúðir í mhl. 01 og mhl. 04, þannig að íbúðum fækkar úr 78 í 70 í þessum matshlutum á lóð nr. 11 við Efstaleiti.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað. Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífarnar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

19. **Efstasund 65** (01.410.111) 104994 Mál nr. BN056070

Stefán Róbert Steed, Efstasund 65, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi til byggja nýja þakhæð og endursteypa svalir ásamt minni háttar breytingu á innra skipulagi 1. hæðar í húsi á lóð nr. 65 við Efstasund.

Stækkun A-rými 91,2 ferm., 266,3 rúmm.

Sótt var um sömu breytingar með erindi BN052542 er samþykkt var hjá byggingarfulltrúa þann 4. apríl 2017.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við fókheldi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

20. **Flugvöllur** (01.68.-.99) 106930 Mál nr. BN055978

550210-0370 Isavia ohf., Reykjavíkflugvelli, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir 6 skrifstofu- og snyrtieiningar norðan við flugskýli 3 á lóð Reykjavíkflugvallar.

Stærð: 88,2 ferm., 247,7 rúmm.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. maí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.

Gjald kr. 11.200

Synjað.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.

21. **Fossaleynir 19-23** (02.468.101) 180547 Mál nr. BN056089
650387-1399 Innnes ehf., Fossaleyni 21, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir veitingastað í fl. II tegund C í rými 0101 og 0201 í húsi á lóð nr. 19-23 við Fossaleyni.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. maí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. maí 2019.
Samþykki eiganda hús dags. 13. maí 2019 fylgir erindi.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
22. **Fylkisvegur 6-8** (04.364.101) 111277 Mál nr. BN056154
481173-0359 Íþróttafélagið Fylkir, Fylkisvegi 6, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í stúkubyggingu Fylkis á lóð nr. 6 við Fylkisveg.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
23. **Fylkisvegur 6-8** (04.364.101) 111277 Mál nr. BN056157
481173-0359 Íþróttafélagið Fylkir, Fylkisvegi 6, 110 Reykjavík
Sótt er um samþykki fyrir breyttu innra skipulagi v/skemmtanahalds í íþróttahúsi á lóð nr. 6 við Fylkisveg.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.
24. **Gerðarbrunnur 3** (05.056.101) 206047 Mál nr. BN056042
Guðlaug María Júlíusdóttir, Seljalandsvegur 4, 400 Ísafjörður
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypt tveggja hæða einbýlishús með innbyggðri bílgeymslu, einangrað að utan og klætt múrkerfi á lóð nr. 3 við Gerðarbrunn.
Erindi fylgir bréf hönnuðar varðandi frávík frá deiliskipulagi dags. 4. apríl 2019 og útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 3. maí 2019, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 3. maí 2019.
Stærð, A-rými: 206,2 ferm., 722,1 rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
25. **Grandagarður 14** (01.114.501) 100041 Mál nr. BN056172
480915-0890 Vesturhöfn ehf., Öldugötu 4, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054216 og breyta staðsetningu og stærð glugga og til að breyta lögun palls í veitingastað á lóð nr. 14 við Grandagarð.

Erindi fylgir yfirlit hönnuða á breytingum frá fyrra erindi.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

26. **Grensásvegur 16A** (01.295.407) 103854 Mál nr. BN056216
521115-1060 Grensásvegur 16A ehf., Laugavegi 182, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053105 v/lokaúttektar þannig að brunakrafa á gangahurð fellur niður á jarðhæð í mhl. 03 í hóteli á lóð nr. 16A við Grensásveg.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.
27. **Grettisgata 54B** (01.190.110) 102385 Mál nr. BN055776
550305-0380 Reir ehf., Laugavegi 7, 101 Reykjavík
Rannveig Eir Einarsdóttir, Sæbraut 9, 170 Seltjarnarnes
Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi BN050495 þannig að innra skipulagi er breytt í tvíbýlishúsi á lóð nr. 54b við Grettisgötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. mars 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. mars 2019.
Gjald: kr. 11.200+11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samræði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
28. **Grjótháls 7-11** (04.304.001) 111019 Mál nr. BN056230
490911-2510 Kolefni ehf., Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja inntaksklefa úr stálgrind á steinsteyptum sökkli við norðaustur horn mhl. 02 og breyta innra skipulagi á 2. hæð í mhl. 01 og 02 í húsi á lóð nr. 7-11 við Grjótháls.
Umsögn brunahönnuðar dags. 14. maí 2019 fylgir erindi.
Stækkun inntaksklefa er: XX ferm., XX rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
29. **Gvendargeisli 112** (05.135.802) 190277 Mál nr. BN056228
Steindór Ingi Hall, Gvendargeisli 112, 113 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu framan við hús og breyta innra skipulagi einbýlishúss á lóð nr. 112 við Gvendargeisla.
Stækkun: 16,1 ferm., 38,5 rúmm.
Eftir stækkun: 180 ferm., 661,5 rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda og málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
30. **Hafnarstræti 1-3** (01.140.005) 100817 Mál nr. BN055939
620393-2159 Strjúgur ehf., Rúgakur 1, 210 Garðabær
661107-0570 Hafnarstræti 1 ehf, Vesturgötu 32, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í veitingastað í flokki III, teg. A og gert er grein fyrir áður gerðri flóttaleið frá rými 0105 út í stigagang í húsinu á lóð nr. 1-3 við Hafnarstræti.

Samþykki meðeigenda ódagsett fylgir erindi.

Gjald kr. 11.200 + 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

31. **Hagasel 5-13** (04.937.301) 112907 Mál nr. BN056001
Guðjón Andri Guðjónsson, Hagasel 9, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að klæða austurhlið og hluta af suðurhlið með sléttri áklæðningu festa á kerfi úr áli og með 100 mm steinullareinangrun, efri gluggum á gaffli er lokað og gluggar á neðri hæð stækkaðir og komið er fyrir svalalokun á annarri hæð í raðhúsi nr. 9 á lóð nr. 5-13.
Umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 29. apríl 2019 og bréf frá húsfundi dags. 17. mars 2019 fylgja erindi.
Stækkun: 14,2 rúmm.
Gjald: kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
32. **Hólmaslóð 6** (01.111.402) 100024 Mál nr. BN056134
Katrín Þorvaldsdóttir, Háahlíð 12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að hækka hús um eina hæð og reisa tveggja hæða viðbyggingu við suðausturhlið húss á lóð nr. 6 við Hólmaslóð.
Stækkun: 728.9 ferm., xx rúmm.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dagsett 24. apríl 2019, heildar varmatapsrammi fyrir Hólmaslóð 6 dags. 17. apríl 2019, mæliblað 1.111.401, 1.111.402 síðast breytt í júní 2005.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. maí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda og með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.
33. **Hverfisgata 20** (01.171.008) 101354 Mál nr. BN056203
480598-2299 Jón Carl Friðrik ehf, Hverfisgötu 20, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi þannig gestasnyrtingum er fækkað, breyta innra skipulagi og útbúa gasgeymslu utanhúss á lóð nr. 20 við Hverfisgötu.
Umboð dags. 17. apríl 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
34. **Hverfisgata 40** (01.172.001) 101425 Mál nr. BN056229
671106-0750 Þingvangur ehf., Bergstaðastræti 73, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN051112 með því að fella út vindbrjóta á 5. hæð norðanmegin, færa heita potta inn á þaksvalir, breyta handriðum, svölum, gluggapóstum og rýmisnúmerum ásamt minni háttar breytingum á innra skipulagi v/lokaúttektar í íbúðar- og atvinnuhúsum á Brynjureit á lóð nr. 40 við Hverfisgötu.

Erindi fylgir A3 sett með yfirliti yfir breytingar og brunahönnun frá EFLU uppfærð í maí 2019.

Stækkun: 2 ferm., 106,1 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnarefirlits.

35. **Hörgshlíð 10** (01.730.105) 107335 Mál nr. BN054953

Torfi G Yngvason, Hörgshlíð 10, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja bílageymslu með forsteyptum sökklum og samlokuveggjum ásamt geymslu og snyrtingu á lóð nr. 10 við Hörgshlíð. Stærð mhl. 02: 100,4 ferm., 372,8rúmm.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 31. ágúst 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. ágúst 2018.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

36. **Kirkjustétt 2-6** (04.132.201) 188525 Mál nr. BN055665

530516-0670 M fasteignir ehf., Bæjarlind 14-16, 200 Kópavogur

Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi og notkun rýma í matshluta 02, einnig er sótt um leyfi til að byggja 3. hæð ofan á núverandi hús sem og viðbyggingu við vesturhlíð húss á lóð nr. 2-6 við Kirkjustétt.

Stækkun: 766,9 ferm., 2.484,4 rúmm.

Heildarstærð á lóð eftir stækkun: 3.745,5 ferm., 13.582,4 rúmm.

Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa á breytingu á deiliskipulagi, dagsett 28. mars 2017.

Einnig fylgir útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. nóvember 2018 ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. nóvember 2018.

Gjald kr. 11.200 + 11.200 + 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

37. **Klapparstígur 28** (01.171.107) 101373 Mál nr. BN056215

671106-0750 Þingvangur ehf., Bergstaðastræti 73, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN048636 v/gerðar eignaskiptasamnings þannig að skráningu sameignar er breytt í íbúðar- og atvinnuhúsi á lóð nr. 28 við Klapparstíg.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

38. **Knarrarvogur 4** (01.457.002) 105650 Mál nr. BN053750

410914-0850 Íðnlausn ehf., Knarravogi 4, 104 Reykjavík

Sótt er um breytingu á erindi BN052106 vegna lokaúttektar sem felst í því að flóttahurð á 1. hæð er felld út og í hennar stað sett björgunarop á suður- og norðurhlið húss á lóð nr. 4 við Knarrarvog.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.

39. **Koparsléttu 22** (34.533.101) 206630 Mál nr. BN056189

470596-2289 Íslenska gámafélagið ehf., Gufunesi, 112 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN035873 v/lokaúttektar þannig að innréttuð hefur verið skrifstofuaðstaða á 2. hæð austur og mótuneyti á 1. hæð austur ásamt því að gerður hefur verið flóttastigi frá 2. hæð í húsi á lóð nr. 22 við Koparsléttu.

Jafnframt er erindi BN056124 dregið til baka.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

40. **Kringlan 4-12** (01.721.001) 107287 Mál nr. BN056147

530117-0650 Reitir - verslun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík

Sótt er um leyfi fyrir innri breytingum í verslunareiningu S-372 á 3. hæð þar sem innrétta á hárgreiðslustofu fyrir 5-8 starfsmenn í Kringlunni á lóð nr. 4-12 við Kringluna.

Bréf frá Verkís. dags. 30. apríl 2019.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.

41. **Krókháls 13** (04.140.801) 110738 Mál nr. BN056184

510315-0490 Krókháls 13 ehf., Krókhálsi 11, 113 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053418 þannig að breytt er skipulagi innanhús, bílastæðum er breytt á austurhluta lóðar og sýningarsalur með nýjum stórum gluggum í austurenda húss á lóð nr. 13 við Krókháls.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggi að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífnaðar áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.

42. **Langholtsvegur 196** (01.445.302) 105576 Mál nr. BN056173

Lena Ósk Guðjónsdóttir, Langholtsvegur 196, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að lengja hús um tvo metra til norðurs, byggja viðbyggingu við suðurhlíð, setja kvisti á norðausturhlíð, svalir á suðausturhlíð auk þess að útbúa aðgengi frá kjallara og eldhúsi út á lóð einbýlishúss á lóð nr. 196 við Langholtsveg.

Stækkun: 142,8 ferm., 236,4 rúmm.

Erindi fylgir mæliblað nr. 1.445.3.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við fókheldi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

43. **Laugateigur 21** (01.364.111) 104619 Mál nr. BN056011

Freyr Arnarson, Laugateigur 21, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til þess að hækka þak og byggja kvisti og innrétta risibúð í húsi á lóð nr. 21 við Laugateig.

Stækkun: 50,5 ferm., 152,9 rúmm.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda dags. 12. mars 2019.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundur skipulagsfulltrúa frá 17. maí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 17. maí 2019.

44. **Laugavegur 35** (01.172.117) 101453 Mál nr. BN056214

710806-1360 Leiguíbúðir ehf., Pósthólf 8814, 128 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að innrétta veitingastað í fl. I tegund D í rými ? í húsi á lóð nr. 35 við Laugarveg.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

45. **Laugavegur 51** (01.173.024) 101511 Mál nr. BN056105
581200-2770 STS ISLAND ehf., Laugavegi 51, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta geymslum íbúða 0301 og 0304 í hjóla- og vagnageymslu fyrir fjölbýlishús á lóð nr. 51 við Laugaveg.
Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa áritað á uppdrátt.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
46. **Laugavegur 170-174** (01.250.201) 103431 Mál nr. BN055703
510315-2780 Sara Pod hostel ehf., Laugavegi 172, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta gististað á 3. hæð úr flokki II í flokk IV tegund D og að breyta innra skipulagi sem felst í að koma fyrir bar við hliðina á móttöku, kaffistofu stafsmanna breytt í gestaeldhús og fækka stafsmanasalernum úr tveimur í eitt í húsinu nr. 172 á lóð nr. 170 -174 við Laugaveg.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 5. apríl 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 5. apríl 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnarefirlits.
47. **Láland 2-8** (01.874.201) 108834 Mál nr. BN055721
Trausti Ágústsson, Láland 2, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypta viðbyggingu sem verður einangruð að utan og klædd koparskífum ásamt því að einangra og klæða með sléttum áplötum eldri húshluta og lengja steypant vegg til norðurs á einbýlishúsi nr. 2 á lóð nr. 2-8 við Láland.
Útskrift úr gerðarbók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 8. febrúar 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. febrúar 2019.
Stækkun: 108,4 ferm., 488,3 rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Lagfæra skráningu.
48. **Listabraut 3** (01.721.401) 107289 Mál nr. BN056212
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054660 þannig að breytt er innra skipulagi í snyrtingu í forsal Borgarleikhúss á lóð nr. 3 við Listabraut.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
49. **Lokastígur 5** (01.181.215) 101769 Mál nr. BN056145
Halldór Örn Óskarsson, Lokastígur 5, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að fjarlægja tröppur á bakhlið 1. hæðar, byggja svalir í þeirra stað og breyta aðkomu að kjallara ásamt því að gerð er grein fyrir innra skipulagi allra hæða, m.a. gerð grein fyrir áður gerðri íbúð í kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 5 við Lokastíg. Erindi fylgir þinglýstur eignaskiptasamningur innfærður 6. janúar 1994, samþykki sumra meðeigenda, samþykki eigenda Lokastígs 3 og 7 og Skólavörðustígs 22 og 22A og þinglýst afsal innfært 3. febrúar 2014.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

50. **Lækjargata 12** (01.141.203) 100897 Mál nr. BN056223

630169-2919 Íslandshótel hf., Sigtúni 28, 105 Reykjavík

560807-0660 Höfuðborgareignir ehf., Sigtúni 28, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054237 þannig að í mhl. 01 verður innréttuð heilsurækt í kjallara og eldhús fært uppá 1. hæð ásamt lítills háttar breytingum á innra skipulagi vegna fornminja og lagnastokka og á mhl. 02 verður mænir hækkaður, byggðir kvistir og innréttuð fjögur ný hótélherbergi í hóteli á lóð nr. 12 við Lækjargötu.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Eftir stækkun samtals: xx ferm., xx rúmm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

51. **Miðleiti 2-6** (01.746.301) 107444 Mál nr. BN056211

Viktor Albert Guðlaugsson, Miðleiti 4, 103 Reykjavík

Gunnar Már Sigurgeirsson, Miðleiti 6, 103 Reykjavík

Hafdís Gísladóttir, Miðleiti 2, 103 Reykjavík

Sótt eru um leyfi til að setja svalaskýli á svalir íbúða í mhl. 01, 0404, mhl. 02, 0301 og mhl. 03, 0101 í húsi á lóð nr. 2, 4 og 6 við Miðleiti.

Svalalokun: 40,0 rúmm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

52. **Nauthólsvegur 83** (01.755.201) 214254 Mál nr. BN056041

701211-1030 Grunnstoð ehf., Menntavegi 1, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að byggja 3-5 hæða steinsteypt fjölbýlishús með 130 námsmannaíbúðum og þremur íbúðum til annarra nota sem verður hús nr. 85, mhl. 02, á lóð nr. 83 við Nauthólsveg.

Erindi fylgir greinargerð um aðgengi dags. 1. apríl 2019, greinargerð um brunahönnun dags. 30. mars 2019 og greinargerð um hljóðvist dags. 2. apríl 2019.

Stærð, A-rými: 7.127,4 ferm., 21.861,2 rúmm.,

B-rými: 1.154,1 ferm.

Samtals: 8.281,5 ferm.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Lagfæra skráningu.

53. **Njálsgata 96** (01.243.004) 103046 Mál nr. BN056202

511095-2049 Sólblik ehf., Blikanesi 2, 210 Garðabær

Sótt er um leyfi til að stækka og fjölga þakgluggum á norður- og vesturhlið húss á lóð nr. 96 við Njálsgötu.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísad til athugasemda.

54. **Rauðagerði 74** (01.823.210) 108357 Mál nr. BN056224
Gunnar Dan Wium, Rauðagerði 74, 108 Reykjavík
Katrín Sif Michaelsdóttir, Rauðagerði 74, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu og kvisti á norður- og suðurhlið húss á lóð nr. 74 við Rauðagerði.
Stækkun: 20,5 ferm. 57,9 rúmm.
Bréf frá hönnuði dags 14. maí 2019 fylgir erindi.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísad til athugasemda.
55. **Ránargata 4A** (01.136.014) 100517 Mál nr. BN054297
510305-0430 Metropolitan ehf, Ránargötu 4A, 101 Reykjavík
660405-1510 Ránarhóll ehf, Ránargötu 4A, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að setja flóttastiga á norðurhlið og breyta innra fyrirkomulagi í hóteli á lóð nr. 4A við Ránargötu.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. september 2018 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 6. september 2018 og útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 4. janúar 2019.
Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Vesturgötu 17 og 17a og Ránargötu 2, 4, 6 og 6a og Garðastræti 4 og 6 frá 22. nóvember 2018 til og með 20. desember 2018. Engar athugasemdir bárust.
Stækkun B-rými: 13,1 ferm., 35,5 rúmm.
Gjald kr. 11.000
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
56. **Ránargata 10** (01.136.019) 100522 Mál nr. BN056207
610613-1520 Alma E ehf., Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN053562 v/lokaúttektar þannig að gluggar á snyrtingu og í þvottahúsi lagfærðir, búnaður herbergja færður inn á teikningar og komið fyrir fallvörn við kjallaratröppur gististaðar í flokki II, teg. b í húsi á lóð nr. 10 við Ránargötu.
Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits. Áskilið samþykki Vinnueftirlits ríkisins.
57. **Síðumúli 17** (01.293.205) 103812 Mál nr. BN056112
560709-0800 Húsfélagið Síðumúla 17, Síðumúla 17, 108 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að klæða húsið að utan með málmklæðningu og breikka og klæða skyggni með allri suðurhlíð húss á lóð nr. 17 við Síðumúla.

Umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 9. apríl 2019 fylgir erindi.

Gjald kr. 11.200

Frestað.

Vísað til athugasemda.

58. **Síðumúli 23** (01.295.105) 103837 Mál nr. BN055643
690372-0109 Blaðamannafélag Íslands, Síðumúla 23, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á 3. hæð og staðsetja nýjan flóttastiga á bakhlið húss á lóð nr. 23 við Síðumúla.
Samþykki meðeigenda dags. 7. janúar 2019 og skýringarblað hönnuðar ódags. fylgir erindi.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. janúar 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. janúar 2019.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 10. maí 2019, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019.
Erindi var grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum að Ármúla 38 og 40 og Síðumúla 25 frá 25. mars 2019 til og með 22. apríl 2019. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Jón Ingvar Garðarsson dags. 22. apríl 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda og með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 10. maí 2019.
59. **Skólavörðustígur 15** (01.182.008) 101814 Mál nr. BN056146
600298-2169 12 tónar ehf, Skólavörðustíg 15, 101 Reykjavík
480198-2479 Skólavörðustígur 15 ehf, Skólavörðustíg 15, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í kjallara, koma þar fyrir snyrtingum fyrir gesti og breyta í veitingastað í flokki I og II í húsi á lóð nr. 15 við Skólavörðustíg.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 17. maí 2019 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. maí 2019.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 20. maí 2019.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
60. **Skúlagata 28** (01.154.304) 101119 Mál nr. BN056231
670417-0260 S28 ehf., Skúlagötu 28, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að færa flóttastiga á bakhlið, koma þar fyrir nýrri lyftu sem kemur til að ná upp á 6. hæð, styrkja burðarvirki fyrir væntanlega ofanábyggingu og til að breyta innra skipulagi í gististað í flokki ?, teg. ? og veitingastað í flokki II, teg. A í húsi á lóð nr. 28 við Skúlagötu.
Erindi fylgir bréf hönnuðar ásamt teikningasetti í A3 með skýringum dags. 14. maí 2019.
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.
Eftir stækkun: xx ferm., xx rúmm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
61. **Suðurgata 37** (01.143.001) 100941 Mál nr. BN056028
421109-0790 Hvalsnes ehf., Barðastöðum 79, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðri íbúð í kjallara húss á lóð nr. 37 við Suðurgötu.

Íbúðaskoðun hefur farið fram sbr. fyrirspurn BN055566 dags. 19. mars 2019.

Gjald: kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrðaraðilar.

Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

62. **Sundagarðar 8** (01.335.402) 103909 Mál nr. BN055683
620597-3099 Mata hf., Sundagörðum 10, 104 Reykjavík
Sigurður Hallgrímsson, Stórakur 7, 210 Garðabær
591103-2610 Bringarðar ehf., Sundagörðum 10, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN54379 þannig að komið er fyrir salatgerð í rými 0102 og 0202 og breytt er innréttingum fyrir bílaleigu í húsinu á lóð nr. 8 við Sundagarða. Skýrsla brunahönnuðar dags. 11. janúar 2019 og 9. maí 2019 fylgir erindinu. Stækkun XX ferm og minnkun í XX rúmm. Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
63. **Sæmundargata 2** (01.603.201) 106638 Mál nr. BN056219
540169-6249 Félagsstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir glugga á ljósritunarrými á 2. hæð í Háskólatorgi í húsi nr. 4 á lóð nr. 2 við Sæmundargötu. Erindi fylgir umsögn burðarvirkishönnuðar dags. 7. maí 2019 og umsögn brunahönnuða dags. 6. maí 2019. Gjald kr. 11.200
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
64. **Tryggvagata 10** (01.132.101) 100210 Mál nr. BN056082
621014-0560 Tryggvagata ehf., Kjalarvogi 7-15, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi og notkunarflokki byggingar þannig að veitingahúsnæði verði breytt í skrifstofur í húsi á lóð nr. 10 við Tryggvagötu. Erindi fylgir mæliblað 1.132.1 dags. 28. júní 1996, endurútféið 15. ágúst 2016, hæðablað 1_1_3564 teiknað 6. apríl 1986, bréf frá hönnuði dags. 9. apríl 2019 og minnisblað v. brunatexta unnið af verkfræðistofu Verkís hf. dags. 8. apríl 2019. Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.
65. **Úlfarsbraut 50-56** (02.698.702) 205721 Mál nr. BN056200
Ingimar Jón Kristjánsson, Úlfarsbraut 50, 113 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050720 v/lokaúttektar þar sem gerð er grein áður gerðum palli við raðhús nr. 50 á lóð nr. 50- 56 við Úlfarsbraut.

Samþykki meðlóðarhafa fylgir ódagsett.

Gjald kr. 11.200

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

66. **Þingholtsstræti 7** (01.170.302) 101339 Mál nr. BN056213
480813-0650 Grjótagata ehf., Pósthólf 738, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja svalir fyrir íbúð 2. hæðar á húsi nr. 7 við Þingholtsstræti.
Stærð 4.0 ferm.
Gjald kr. 11.200
Frestað.
Vísað til athugasemda.

Fyrirspurnir

67. **Ármúli 40** (01.295.102) 103834 Mál nr. BN056217
590313-1730 Dunamis ehf., Heiðargerði 27, 108 Reykjavík

Spurt er hvort leyft yrði innrétta jógastöð og hvort samþykki meðeigenda þurfi til að nota sameiginlegar snyrtingar í stigagangi og að tengja sturtur inn á eldhúslögn í húsi á lóð nr. 40 við Ármúla.

Afgreitt.

Sækja þarf um byggingarleyfi samanber leiðbeiningar á athugasemdarblaði.

68. **Bergstaðastræti 57** (01.186.409) 102284 Mál nr. BN056210

Bjarni Kristinsson, Hvassaleiti 19, 103 Reykjavík

Katrín Oddsdóttir, Bergstaðastræti 57, 101 Reykjavík

Spurt er hvort leyfi fengist fyrir áður gerðum framkvæmdum í húsi á lóð nr. 57 við Bergstaðastræti.

Ljósmynd og teikningar fylgja

Afgreitt.

Sækja þarf um byggingarleyfi samanber leiðbeiningar á athugasemdarblaði.

69. **Hofteigur 4** (01.364.001) 104599 Mál nr. BN056206

Marteinn A Marteinsson, Hofteigur 4, 105 Reykjavík

Spurt er hvort leyft yrði að síkka 3 glugga á bakhlið kjallara fjölbýlishúss á lóð nr. 4 við Hofteig.

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 14:00.

Erna Hrönn Geirsdóttir
Nikulás Úlfar Másson
Óskar Torfi Þorvaldsson
Sigrún Reynisdóttir
Edda Þórsdóttir
Jón Hafberg Björnsson
Olga Hrund Sverrisdóttir